

Mál nr. 159/2005.

M

og

Vátryggingafélagið V h.f. v. hópslysatryggingar K

Ágreiningur um bótaskyldu vegna meiðsla á knattspyrnuæfingu þ. 17.7.2002.

Gögn.

1. Málskot móttengið þ.1.9.2005. ásamt fylgiskjöllum 1-3.
2. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 876/2003
3. Bréf V h.f. dags. 13.9.2005 ásamt fylgiskjöllum 1-13

Málsatvik.

M segir að hann hafi verið á knattspyrnuæfingu sumarið 2002 og staðið í þvögu leikmanna þegar hornspyrna var tekin og hann stökkið upp ásamt öðrum leikmanni og rekist á leikmanninn í uppstökkinu og við það fengið hnykk á hægri hné og meiðst illa. Skv. yfirlýsingu S. G. þá rakst hann utan í M í umrætt sinn og skv. yfirlýsingu S. M. þá segist hann hafa orðið vitni að þessum atburði. M krefst bóta úr hópslysatryggingu K hjá V en V hafnar bótaskyldu og segir ágreining um málsatvik þar sem að skv. fyrstu lýsingu M hafi hann stökkið upp í skallabolta og þá hafi eitthvað gefið sig í hægri hné og komið hafi í ljós að liðþófi hafi rifnað þessi lýsing M hafi komið fram bæði í áverkavottorði og tjónstilkynningu. V bendir á að það sé nokkru síðar sem að sú atvikalýsing sem að höfð er hér eftir M komi fram. V telur að ekki sé um slys að ræða í skilningi vátryggingaskilmála. Þá vísar V til ákvæða vátryggingaskilmála sem undanskilja slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni og telur V að þessi undanþága eigi við þar sem að atburðurinn hafi átt sér stað á æfingu meistaraflokks K.

Álit.

Skv. 9. gr vátryggingaskilmála þeirra sem hér ræðir um eru undanskilin slys sem vátryggðir 16 ára og eldri verða fyrir við keppni eða æfingar til undirbúnings fyrir keppni í hvers konar íþróttum. Þeirri staðhæfingu V að í umrætt sinn hafi M verið á æfingu til undirbúnings fyrir keppni í knattspyrnu hefur ekki verið hnekk. Þegar af þeirri ástæðu er ekki um bótaskyldu V að ræða úr hópslysatryggingu K

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr hópslysatryggingu K hjá V.

Reykjavík, 6.10.2005.

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.